



Kópavogi, 14. apríl 2026

Efni: Stafrænt innra mat í leikskólum Kópavogs.

Stafrænt innra mat er innleiðingarverkefni sem miðar að því að færa innra mat frá pappír yfir á stafrænt form. Markmið verkefnisins er að stuðla að samræmdri gagnaöflun, bæta yfirsýn yfir stöðu mats, auka skilvirkni og styrkja markvissa umbótavinnu í leikskólastarfi. Verkefnið er unnið í samstarfi við Skrifstofu Umbóta og þróunar (ÞRÓUM) og hefur farið í prufukeyslu með fjórum leikskólum.

Upphaf og þróun verkefnis

Vinna við stafrænt innra mat hófst um mitt ár 2025 í leikskólum með markvissri kortlagningu á stöðu innra mats og samræmingu matsblaða. Í kjölfarið var framkvæmd greining á fyrirliggjandi gögnum þar sem notkun matsblaða og viðmiða um gæðastarf voru skoðuð. Í upphafi árs 2026 var stafrænt verklag mótað með því að færa matsblöð innra mats í excel form auk þess sem hlutverk matsteyma og verklag um eftirfylgni voru skilgreind. Innleiðing hófst í mars 2026 með því að koma matblöðum inn í sameiginlegt stjórnborð stafræns innra mats. Stjórnborðið veitir stjórnendum, matsteymum og verkefnateymi heildstæða yfirsýn yfir stöðu innra mats í leikskólum Kópavogs. Þar eru dregnar saman upplýsingar úr matsblöðum sem fyllt eru út í stafrænu umhverfi og birtast í samantektinni mynd sem sýnir stöðu, framvindu og niðurstöður matsins. Stjórnborðið byggir á aðgangsstýringu sem tryggir að notendur sjá einungis gögn sem tengjast þeirra hlutverki. Markmiðið er að styðja við markvissa eftirfylgni, auðvelda samanburð milli ára og tengja niðurstöður beint við umbótavinnu og starfsáætlanir.

Tilgangur

Tilgangur innra mats er að tryggja að umbótavinna fari markvisst fram í samræmi við þá þjónustu sem leitast er við að veita börnum og foreldrum í sveitarfélaginu. Innra mat byggir á aðalnámskrá, skólanámskrá og starfsáætlun, og hefur það að markmiði að efla gæði leikskólastarfs og styðja við stöðugar umbætur. Í sniðmáti fyrir starfsáætlun 2026-2027 kemur einnig fram að markmið starfsáætlunar sé að gera skólaþróun markvissari með skýrum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Niðurstöður og áherslur eru síðan lagðar fram til samþykktar hjá leikskólanefnd.

Hvernig virkar stafrænt innra mat?

Stafrænt verklag innra mats byggir á vefsíðu þar sem stjórnendur fylla út starfræna matslista. Þegar matinu er skilað inn fær stjórnandi samtímis niðurstöður og ýmis konar tölfræði til útskýringa. Kerfið uppfyllir kröfur um aðgangsstýringu þannig að matsteymi hafa eingöngu aðgang að sínum matslistum á meðan stjórnendur hafa heildaryfirsýn yfir sinn skóla. Jafnframt er tryggður sveigjanleiki í framkvæmd matsins með því að hægt er að fela spurningar sem ekki eru metnar tiltekið ár og bæta við viðbótarspurningum í samræmi við árlegar áherslur í starfi leikskólanna.

Staða prufukeyslu og næstu skref

Fjórir leikskólar taka þátt í prufukeyslu, það eru leikskólarnir Dalur, Núpur, Baugur og Grænatún. Á vinnufundi með prufuleikskólum var unnið að prófun kerfisins, aðgengi



notenda, hlutverki matsteyma möguleikum á framsetningu tölfraði og samanburði milli ára og leikskóla. Markmið verkefnisins er að allir leikskólar í Kópavogi geti unnið með stafrænt innra mat haustið 2026. Í framhaldinu er stefnt að því, með aðstoð gervigreindar, að nýta niðurstöður stafræns innra mats til að draga upp grunn að starfsáætlun. Með því má spara stjórnendum tíma, samræma útlit og áherslur og auka skilvirkni við gerð starfsáætlana í leikskólum Kópavogs.

Skilvirkni og tímasparnaður

Áætlaður tímasparnaður í hverjum leikskóla er samtals 68 klst. miðað við 23 leikskóla samsvarar það 1.564 klst. sparnaði hjá leikskólum Kópavogs. Að auki er áætlaður sparnaður hjá leikskóladeild 160 klst. meðal annars vegna einfaldari yfirferðar, úrvinnslu starfsáætlana, umsagna og þess sem fellur annars undir ytra mat. Heildaráhrif eru því metin 1.724 klst. sparnaður á ári.

Gæði, gagnsæi og faglegt umbótastarf

Ávinningur stafræns innra mats felur meðal annars í sér að gögn, niðurstöður og umbætur eru vistuð á einum stað, sem eykur yfirsýn og aðgengi. Jafnframt er hægt að búa til sjálfvirkar samantektir og tölfraði sem styðja upplýsta ákvarðanatöku. Samræmd vinnubrögð matsteyma auka gæði gagna og gera innra mat markvissara. Rafrænt umhverfi styrkir einnig samvinnu og eflir lærdómssamfélag innan leikskólanna. Að auki dregur stafrænt verklag úr pappírnotkun, sem er bæði hagkvæmt og umhverfisvænt.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn verkefnisins er að stafrænt innra mat verði burðarás í markvissu gæðastarfi og umbótavinnu leikskóla í Kópavogi. Með sameiginlega grunnlínu fyrir innra mat skapast heildstæð yfirsýn yfir stöðu, framvindu og þróun leikskólastarfs í sveitarfélaginu. Stafrænt innra mat gerir kleift að byggja ákvarðanir á raungögnum, greina styrkleika og tækifæri til umbóta og tryggja að umbótavinna sé kerfisbundin, sýnileg og í stöðugri eftirfylgni. Í framhaldi er stefnt að því að nýta niðurstöður innra mats til að kalla fram stafrænar starfsáætlanir með stuðningi gervigreindar, sem styrkir enn frekar tengingu mats, umbóta og áætlanagerðar. Með þessu er lagður grunnur að lærdómssamfélagi þar sem fagmennska, gagnsæi og stöðug þróun eru í forgrunni, með það að markmiði að auka gæði leikskólastarfs og bæta þjónustu við börn og fjölskyldur í Kópavogi til framtíðar.

Virðingarfyllst,

Amanda K. Ólafsdóttir
Skrifstofustjóri menntasviðs